

Dalvíkurbyggð  
Bæjarskrifstofan ráðhúsinu  
620 Dalvík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03. nóv. 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20101000112/jbw

### Tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Dalvík

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 14. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis á Dalvík.

### Almennt um deiliskipulagssvæðið - markmið

Deiliskipulagssvæðið er 14,5 ha að flatarmáli og er í senn nyrsti og austasti hluti Dalvíkur. Svæðið er á tveimur stöllum, efri stallurinn liggur upp að Hafnarbraut og Gunnarsbraut og neðri stallurinn liggur að sjó og er það svæði nokkuð flatt. Á svæðinu eru í dag vöruhöfn, fiskhöfn og ferjuhöfn, auk annarrar atvinnustarfssemi.

Markmið með deiliskipulaginu er í megin atriðum tvíþætt. Annars vegar skipulagsgerð í tengslum við nýja ferjuhöfn fyrir Grímseyjarferjuna, ásamt breytingum á vegtengingum og hafnarmannvirkjum. Hins vegar að tengja saman eldri skipulagsáætlanir í eina, ásamt því að gera ýmsar nauðsynlegar skipulagsbreytingar til að koma til móts við nútíma kröfur og þarfir á svæðinu. Þar er m.a. gert ráð fyrir aukinni aðstöðu fyrir smábáta.

### Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem það er skilgreint sem hafnar-, athafna-, verslunar- og þjónustusvæði. Með gerð deiliskipulagsins er stefnt að markmiðum um samgöngur sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

### Náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er ekki á náttúruminjaskrá og engar friðlýstar náttúruminjar eru innan þess.

### Mannvirkjagerð

Megin mannvirkjagerð innan deiliskipulagssvæðisins felst í gerð tveggja nýrra landfyllinga neðan við Martröð, samlangt um 0,7 ha að flatarmáli, annars vegar fyrir ferjubryggju og

athafnasvæði vegna Grímseyjarferju og hins vegar fyrir smábátaaðstöðu, sem og gerð nýrrar flotbryggju fyrir smábáta og nýrrar trébryggju á Suðurgarði. Einnig er gert ráð fyrir svæði fyrir um 10.000 lítra olíutanka á Suðurgarði (í reit 1.1) og svæði fyrir olíutanga á reit 1.9 norðan við Norðurgarð. Ekki kemur fram hve marga lítra af olíu síðarnefndu olíutankarnir mega rúma.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóð undir samgöngumiðstöð vegna ferjunnar og minnkun/stækkun nokkurra lóða og breytingu á fyrirkomulagi lóða. Auk þess verður spennustöð færð frá Hafnarbraut inn á nýja lóð neðan við ný bilastæði milli Sandskeiðs og Sunnutúns.

### **Vegir og göngustígar**

Megin vegaf framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðisins felast í tengingu Sunnutúns við Hafnarbraut til að greiða leið stórra ökutækja niður að höfn og lagningu nýrrar götu, Naustabrautar, frá Ránarbraut, þvert á Sæbraut, inn á hafnarsvæðið. Gert er ráð fyrir nýjum bilastæðum á milli Sandskeiðs og Sunnutúns, eins og áður sagði, og nýjum göngustíg meðfram strandlengjunni. Bílstæði verða að öðru leyti inni á lóðum og athafnasvæðum.

### **Frárennsli**

Fullbyggðar og fullfrágengnar dælustöðvar fráveitu eru nú í suður- og norðurenda hafnarsvæðisins og eru kvaðir um lagnaleiðir í jörð á deiliskipulagsupprættinum. Umhverfisstofnunin bendir á að fráveitan þurfi að samræmast kröfum 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

### **Neysluvatn**

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um öflun neysluvatns fyrir deiliskipulagssvæðið. Stofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

### **Sorp**

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um meðferð sorps á deiliskipulagssvæðinu. Í því sambandi bendir stofnunin á reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003.

### **Önnur mengunarhætta**

Umhverfisstofnun telur að megin mengunarhætta á hafnarsvæðinu sé vegna hugsanlegs leka olíu frá olíutönkum. Stofnunin gerir athugasemd við að ekki sé fjallað um aðgerðir vegna þessa á nýjum svæðum fyrir olíutanka og bendir á að fara verði eftir kröfum í reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skal Umhverfisstofnun samþykkja upprætti að fyrirkomulagi mengunarvarna í olíubirgðastöðvum áður en bygging þeirra hefst. Hvað aðra starfsemi varðar á og við höfnina bendir Umhverfisstofnun á ákvæði laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun tekur undir það að lítil hætta verði á annars konar mengun, s.s.

loftmengun, þar sem að á deiliskipulagssvæðinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir „atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum svo og verslunum...“.

## Umhverfismat

Í umhverfisskýrslu er metið svo að deiliskipulagið muni ekki hafa áhrif á ósnerta náttúru, náttúruvafirbrigði eða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. lögum, reglum og alþjóðasamningum. Umhverfisstofnun bendir á að gerð landfyllinga og bryggja á strönd og sjávarbotni sem er lítt eða ekki röskuð mun valda neikvæðum áhrifum á lífríki. Í deiliskipulagstillögunni kemur ekki fram að hve miklu leiti strönd og botn er röskuð né upplýsingar um rannsóknir á botngerð og lífríki. Ekki er skýrt í tillögunni hvernig gerð landfyllinga eigi að fara fram en Umhverfisstofnun bendir á að ef gert er ráð fyrir efnisflutningum, efnaskiptaskurðum eða öðrum dýpkunarframkvæmdum ber að fara að ákvæðum 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og óska eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir varpi í hafið.

Hvað sjónræn áhrif varðar lítur ekki út fyrir að nýjar byggingar verði áberandi eða skerði útsýni frá mikilvægum útsýnisstöðum. Stofnunin bendir þó á að í greinagerðinni kemur ekki fram hve olíutankar verða háir né fjöldi þeirra. Umhverfisstofnun telur að neikvæð sjónræn áhrif geti einkum orðið af stakstæðum olíutönkum sem fyrirhugaðir eru á reit 1.1 á Suðurgarði.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Dalvík.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Jóhanna Björk Weisshappel  
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun